

**Austurbrú ses. – 6. stjórnarfundur
haldinn kl. 15, miðvikudaginn 16. júlí 2012
að Miðvangi 2-4 að Egilsstöðum**

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Sverrir Mar Albertsson, Skúli Björn Gunnarsson, Anna Dóra Helgadóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Þórunn Eymundardóttir. Rögnvaldur Ólafsson boðaði forföll vegna sumarleyfis.

Dagskrá:

1. Samkomulag um starfslok framkvæmdastjóra
2. Verkaskipting framkvæmdaráðs og annara stjórnarmanna
3. Starfsmannamál og verkefnastaða einstakra deilda/sviða
4. Erindi frá MRA, dags 6. júlí - fulltrúar MRA mæta
5. Staða uppgjöra frá stofnunum og félögum og fjármál
6. Miðstöð menningarfræði á Austurlandi, sjá erindi (tp) dags 14. júlí
7. Aðgerðaáætlun fyrir næstu vikur og mánuði
8. Önnur mál

Formaður setti fund kl. 15.05 og gengið var til dagskrár. Formaður óskaði eftir að 4. liður yrði tekinn fyrst vegna gesta og var það samþykkt.

4. Erindi frá MRA, dags. 6. júlí.

Hann bauð fulltrúa Menningarráðs velkomna á fundinn, Björn Ingimarsson og Davíð Baldursson. Björn og Davíð gerðu grein fyrir þeim minnispunktum sem komu fram í erindinu frá MRA og viðhorfum MRA til þess að tryggt verði að menningarmálin haldi sínum hlut í nýrri sameinaðri stofnun. Sameiginlegur skilningur að loknum umræðum að ekki þurfi að slíta Menningarráðinu heldur breyta samþykktum þess þannig að það geti axlað það hlutverk sem því er ætlað innan nýs skipulags sem úthlutunarstjórn og vettvangur fyrir menningarumræðu. Áhersla lögð á gagnsæi í öllu fjárstreymi til menningarmála hjá Austurbrú og fjármagni til úthlutunar verði haldið aðskilið sem samkeppnissjóði.

Lagt til að stjórn Austurbrúar og MRA skipi vinnuhóp til að semja tillögur að breytingum á samþykktum MRA til að leggja fyrir aukaaðalfund MRA í september sem haldinn verði samhliða aðalfundi SSA. Samþykkt að skipa Önnu Dóru, Skúla Björn og Þórunni í þann hóp af hálfu Austurbrúar og er gert ráð fyrir að menningarfulltrúi vinni með hópnum. MRA mun einnig skipa þrjá úr sínum röðum í vinnuhópinn sem þarf að ljúka vinnu sinni fyrir næstu mánaðamót.

Björn og Davíð fóru af fundi.

Arnbjörg kvaddi sér hljóðs og minnti á að stjórn Austurbrúar setti sér reglur um fundarsköp og minnti á að fundargerðir framkvæmdaráðs þyrftu að koma inn á dagskrá stjórnarfunda til að stjórn gæti samþykkt gjörðir framkvæmdaráðs. Á síðasta stjórnarfundi var Skúla Birni og Sigrúnu falið að leggja drög að fundarsköpum og vinnureglum fyrir stjórn. Þau munu koma með tillögur inn á næsta stjórnarfund.

1. Samkomulag um starfslok framkvæmdastjóra

Formaður gerði grein fyrir samkomulagi sem framkvæmdaráð gerði um starfslok við Porkel J. Pálsson í síðustu viku. Framkvæmdastjóri hefur þegar látið af störfum og engir eftirmálar verða af þeim starfslokum. Fréttatilkynning hefur verið send út um málið og lítur stjórn svo á að starf og starfslok framkvæmdastjóra séu fullrædd.

2. Verkaskipting framkvæmdaráðs og annarra stjórnarmanna

Formaður lagði fram tillögu um að framkvæmdaráð skipti með sér verkefnum framkvæmdastjóra næstu vikur. Valdimar mun leiða starfið og sjá um samskipti og samninga stofnunarinnar gagnvart ráðuneytum, sveitarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum sem og samskipti við fjölmiðla. Anna Dóra tekur að sér yfirumsjón með fjármálum og því sem því tilheyrir. Sverrir tekur að sér starfsmannamál og dagleg verkefni s.s. úrlausn tæknimál. Kallað verður eftir öðrum stjórnarmönnum til starfa eftir þörfum.

Samþykkt samhljóða.

Skúli Björn lagði fram svohljóðandi tillögu:

Stjórn Austurbrúar óskar eftir því að starfsháttanefnd stofnunarinnar ákveði hvernig stjórnarmönnum verði greitt fyrir að ganga í stjórnunarstörf innan Austurbrúar þangað til ráðið hefur verið að nýju í stöðu framkvæmdastjóra.

Samþykkt samhljóða. Skúla Birni falið að koma þessu erindi til starfsháttanefndar.

3. Starfsmannamál og verkefnisstaða einstakra deilda

Sverrir gerði grein fyrir stöðu verkefna og vísaði í gögn sem hann setti inn í sameiginlega vefmöppu stjórnarmanna sem fundargögn. Hann fundaði í síðustu viku stuttlega með millistjórnendum og gerðu þeir lista yfir helstu verkefni og stöðu þeirra í kjölfar þess fundar. Stjórn þarf að taka afstöðu til þriggja mála á þessari stundu.

Ferðamannakönnun. Fyrir liggur tilboð um gerð ferðamannakönnunar frá Rannsóknum og ráðgjöf í ferðaþjónustu. Þetta yrði þriðja könnunin en síðast var hún gerð 2008. Könnunin er gerð í samvinnu við Austur-Skaftfellinga og deilist kostnaður jafnt. Kostnaður vegna Múlasýslna yrði 500 þús. kr. auk vsk og ljósritunarkostnaðar. Helming fjárhæðarinnar þarf ekki að greiða fyrir en í janúar. Skúli Björn gerði grein fyrir því að Ferðamálasamtök Austurlands hefðu möguleika á að sækja fjármuni í verkefnið í óskiptan pott hjá Ferðamálasamtökum Íslands með haustinu. Hann lagði áherslu á að farið yrði í könnunina sem á að framkvæmda um miðjan ágúst og taldi litlar líkur á öðru en fjármunir fengjust, útgjöld Austurbrúar yrðu þá aðeins vegna vsk. og fjölföldunar. Stjórn samþykkir að farið verði í könnunina í trausti þess að styrkir fáið í það.

Evrópuverkefni. Verkefnið Creative Communities er að nálgast endapunkt en fjárhagsleg ábyrgð þess var hjá Þróunarfélaginu. Seinnipartinn í september verður haldin lokaráðstefna verkefnisins á Austurlandi og verður hún alþjóðleg og vandað til hennar. Ásta Kristín hefur haldið utan um verkefnið að hálfu Þróunarfélagsins og nú Austurbrúar en lokaskýrslu verður skilað í október. Einfaldast er að halda verkefninu á kennitölu ÞFA til loka þess halda þeim reikningi opnum sem allir fjármunir þess hafa runnið gegnum. Er það tillaga frá starfsmönnum Austurbrúar. Stjórn samþykkir

að þetta verkefni verði klárað með þeim hætti og felur Ástu Kristínu að sjá um greiðslur í samráði við Vilhjálm Jónsson, stjórnarformann ÞFA sem er með prókúru á þennan evrureikning ÞFA.

Tölvumál. Sverrir óskaði eftir heimild til að vinna áfram í tölvumálum á grundvelli niðurstöðu starfsmannateymis sem haft hefur málið með höndum. Samþykkt samhljóða en endanleg niðurstaða verður borin undir stjórn áður en gengið verður frá samningum.

5. Staða uppgjóra

Anna Dóra gerði grein fyrir stöðu fjármála og uppgjóra að svo miklu leyti sem hún er búin að setja sig inn í þau. Lausafjárstaðan er slök og ætlar Anna Dóra að vinna nýja fjárhagsáætlun á grundvelli nýjustu stöðu og þeim uppgjörum sem liggja fyrir. Hún vonast til að hafa skýrari mynd á næsta stjórnarfund. Milliuppgjör eru tilbúin frá öllum nema Menningarráði. Þar sem mál hafa skýrst með MRA ætti það einnig að skila sér innan tíðar.

6. Miðstöð menningarfræða á Austurlandi

Fyrir fundinum lá tölvupóstur frá Árnýju Bergsdóttur, forstöðumanni Miðstöðvar menningarfræða á Austurlandi þar sem óskað var eftir afstöðu stjórnar Austurbrúar til þess hvort stofnunin hafi áhuga á að taka miðstöðina inn ásamt því fjármagni sem fylgt hefur henni. Samþykkt að Valdimar og Sigrún fari í viðræðu við Seyðisfjarðarkaupstað og stjórn miðstöðvarinnar um möguleika á að Austurbrú taki verkefnið að sér.

7. Aðgerðaáætlun fyrir næstu vikur og mánuði

Búið að fara yfir flest atriði undir öðrum liðum. Ljóst að margt liggur fyrir og markmiðið er að koma á skipulegu verkefnayfirliti hið fyrsta í miðlægum tölvusamskiptum. Næstu 2-3 vikur verður þó lítið gert vegna sumarleyfa starfsmanna en meðal þess sem þegar hefur verið ákveðið er að halda vinnufund hjá fagraði 16. ágúst og hann þarfnast undirbúnings.

8. Önnur mál

a) Samstarf við Hornafjörð

Erindi frá Hjalta bæjarstjóra um þjónustu Austurbrúar við Hornfirðinga. Valdimar falið að leiða viðræður við Hjalta og stjórn afgreiðir málið þegar niðurstöður viðræðna og kostnaðargreiningar liggja fyrir.

b) Húsnæðismál

Fyrrum framkvæmdastjóri átti fund með fulltrúa forsætisráðuneytis um Vonarland áður en hann hætti störfum. Vilji er hjá ríkinu til frekari viðræðna um húsnæðið. Stjórn felur formanni að leiða málið og koma með skýrari hugmyndir um úrlausn þess inn á næsta fund.

c) Samstarf við Nýsköpunarmiðstöð

Valdimar falið að taka aftur upp þráðinn við forstjóra Nýsköpunarmiðstöð um formlegt samstarf milli NMÍ og Austurbrúar.

d) Lokaráðstefna í Rural Transport Solution

Um er að ræða NPP-verkefni sem ÞFA tók þátt í með Fjarðabyggð en því er nú að ljúka. Samþykkt að Ásta Kristín sækir þessa lokaráðstefnu svo fremi ferðakostnaður vegna hennar sé inni í verkefninu. Leggur stjórn til að annar fari með henni ef fjármagn verkefnisins leyfir slíkt.

e) Næsti stjórnarfundur

Stjórn fundar næst mánudaginn 13. ágúst kl. 16. Staðsetning ákveðin þegar nær dregur.

Fundi slitið kl. 18.10.

Skúli Björn ritaði fundargerð.

Valdimar O. Hermannsson

Sverrir Mar Albertsson

Anna Dóra Helgadóttir

Arnbjörg Sveinsdóttir

Þórunn Eymundardóttir

Sigrún Blöndal